

Eiríkur Rögnvaldsson:

ÖRFÁAR BREYTINGAR Á ÍSLENSKRI BEYGINGAFRÆÐI

Flestir vita að íslenska er meira beygingamál en þau mál sem henni eru skyldust, og litlar breytingar á beygingakerfinu er það sem einna helst greinir íslensku frá öðrum norðurlandamálum. Það er þó ekki þar með sagt að engar beygingarbreytingar hafi orðið í íslensku frá því að landið byggðist. Þær eru töluverðar; en þær felast fyrst og fremst í því að einstakar beygingarendingar breytast, eða ákveðin orð skipta um endingar, en ekki í því að beygingarformdeildum fækki. Við skulum nú líta á nokkrar helstu breytingar sem hafa orðið.

1. Breytingar á formdeildum

Reyndar hefur ein formdeild horfið úr íslensku síðan í fornu máli. Það er tvítalan, sem var að vísu mjög takmörkuð; aðeins í persónufornöfnum og eignarfornöfnum. Í indóevrópsku beygðust sagnir líka í tvítölu, en það var liðin tíð löngu fyrir upphaf íslensks máls. Þegar tvítalan var og hét, beygðust fornöfn 1. og annarrar persónu svona (ekki tekið tillit til hljóðbreytinga):

ég	við	vér	þú	þið	þér
mig	okkur	oss	þig	ykkur	yður
mér	okkur	oss	þér	ykkur	yður
mín	okkar	vor	þín	ykkar	yðar

Þegar talað var um tvo, voru notuð formin *við* og *þið* (og beygingarmyndir þeirra), en *vér* og *þér* voru aðeins notuð um þrjá eða fleiri. (Reyndar voru fleirtölumyndir líka notuð um einn eða tvo í hátíðleikaskyni, eins og tíðkast enn í dag.)

Á 14. eða 15. öld fer tvítalan að veiklast sem formdeild, þannig að farið er að nota fleirtölumyndirnar þótt aðeins sé átt við tvo, og tvítölumyndirnar einnig um þrjá eða fleiri. Það er samt ekki fyrr en á 17. öld sem hratt undanhald tvítölunnar hefst, og á 18. öld hverfur hún alveg. En eins og við sjáum hafði hvarf tvítölunnar sem sérstakrar formdeildar ekki í för með sér hvarf tvítöluordanna sjálfra; þvert á móti voru þau tekin upp fyrir tvo eða fleiri, og ruddu þar með gömlu fleirtölumyndunum burt.

Eins og áður sagði höfðu gömlu fleirtölumyndirnar *vér*, *þér* o.s.frv. lengi áður verið notuð í hátíðlegu máli fyrir bæði 1. og 2. persónu. Líklegt er að þetta hafi stuðlað að því að þegar tvítalan hvarf sem formdeild voru tvítölumyndirnar tekin upp sem almenn fleirtala. *vér* og *þér* gat staðið fyrir hvaða persónu sem var, og því var hentugt að fá form sem gátu aðeins táknað fleirtölu. Eftir að tvítölumyndirnar voru horfin gátu gömlu tvítölumyndirnar gert það.

Tvítalan var ekki bara í persónufornöfnum; eins og áður kom fram var hún líka í eignarfornöfnum. En þar hvarf ekki bara tvítalan, heldur ýmis fleirtöluform líka. Sérstök eignarfornöfn í nútímamáli eru fjögur; *minn*, *þinn*, *sinn* og *vor*. Merkingarlega og sögulega er *vor* fleirtala af *minn*, þótt orðið sé nú bundið við hátiðlegt mál og eignarfall persónufornafnsins *við*, *okkar*, notað þess í stað. Í 2. persónu er aftur á móti engin hátiðleg hliðstæða við *vor* til í nútímamáli, heldur eingöngu ef. *ykkar*. Ef nota þarf hátiðlegt orð er hægt að grípa til *yðar*, sem er eignarfall eins og *okkar* og *ykkar*, en ekki sérstakt eignarfornafn eins og *vor*. En í fornu máli var ekki einasta til 2. persóna fleirtölu, *yðvarr*, hliðstæð við *vor*, heldur voru líka til sérstök tvítöluform, *okkarr* og *ykkarr*. Skoðum nú beygingu tveggja þessara orða:

<i>kk</i>	<i>kvk</i>	<i>hk</i>	<i>kk</i>	<i>kvk</i>	<i>hk</i>
okkarr	okkur	okkart	yðvarr	yður	yðvart
okkarn	okkra	okkart	yðvarn	yðra	yðvart
okkrum	okkarri	okkru	yðrum	yðvarri	yðru
okkars	okkarrar	okkars	yðvars	yðvarrar	yðvars
okkrir	okkrar	okkur	yðrir	yðrar	yður
okkra	okkrar	okkur	yðra	yðrar	yður
okkrum	okkrum	okkrum	yðrum	yðrum	yðrum
okkarra	okkarra	okkarra	yðvarra	yðvarra	yðvarra

2. Breytingar á beygingarflokkum

Það er ekki nema einn beygingarflokkur - eða ein beygingarregla - í íslensku fornmáli sem telja má horfinn úr nútímamáli. Þar er um að ræða svonefnda *u*-stofna í karlkyni, en til þeirra töldust flest sterk karlkynsorð sem hafa *ö* eða *jö* í stofni; *köttur*, *mögur*, *skjöldur*, *fjörður* o.s.frv. Til forna beygðust þessi orð á þennan hátt:

köttur	kettir	fjörður	firðir
kött	köttu	fjörð	fjörðu
ketti	köttum	firði	fjörðum
kattar	katta	fjarðar	fjarða

Það sem hefur breyst er þf.ft.; í stað þess að vera *-u* er það nú alltaf *-i* í venjulegu máli (þótt myndir með *-u* komi fyrir í hátiðlegu máli eða föstum orðasamböndum, eins og *ganga fram fyrir skjöldu*). Það er ekki óeðlilegt að þetta skuli hafa breyst. Bæði eru þetta einu nafnorðin þar sem *-u*-ending var í þf.ft.; og eins gildir sú almenna regla í karlkynsnafnorðum, að þf.ft. er eins og nf. að frádregnu *-r*. Þegar það bætist við að *-u*-stofna orðin voru alltaf fá, en orð sem enduðu á *-ar* í ef.et., *-ir* í nf.ft. og *-i* í þf.ft. hafa alltaf verið mörg, er ekki að undra að síðarnefndi flokkurinn hafi dregið þann fyrri til sín.

3. Nafnorðabeyging

Áður hefur verið minnst á breytinguna í þf.ft. gamalla *-u*-stofna, þar sem *-i* leysti *-u* af hólmi. Vissulega hafa fjölmargar aðrar breytingar orðið á nafnorðabeygingunni, en þær varða annaðhvort hljóðbeygingarreglur, eða þá einstök orð sem flust hafa milli beygingarflokka. Lítum fyrst á hljóðbeygingarreglurnar. Það sem þar skiptir helst máli er reglan um brottfall *y* úr enda stofns. Berum saman beygingu þriggja orða í fornmáli og nútímamáli:

söngr	söngur	ör	ör	högg	högg
söng	söng	ör	ör	högg	högg
söngvi	söng	ör	ör	höggvi	höggi
söngs	söngs	örvar	örvar	höggs	höggs
söngvar	söngvar	örvar	örvar	högg	högg
söngva	söngva	örvar	örvar	högg	högg
söngum	söngvum	örum	örvum	höggum	höggum
söngva	söngva	örva	örva	höggva	höggva

Karlkyns- og hvorugkynsorðin töldust til svonefndra *wa*-stofna, kvenkynsorðin til *wo*-stofna. Í öllum hvorugkynsorðum af þessum flokki hefur það gerst að *v* hefur horfið úr allri beygingunni. Til forna beygðust orðin *bygg*, *böl*, *fjör*, *kjöt*, *lyng*, *mjöl*, *smjör*, *öl* o.fl. á þennan hátt, en þau eru nú öll án *v*. Í karlkyns- og kvenkynsorðunum hefur *v* hins vegar haldist, en reglur um dreifingu þess hafa breyst. Áður féll það brott í bakstöðu, á undan samhljóði (í nf.et.kk.) og á undan *u* (í þgf.ft.), en nú helst það á undan *u*. Væntanlega stendur sá munur í sambandi við það að *v* er nú annars konar hljóð en það var í fornu máli; þá var það hálsérhljóð, og stóð miklu nær *u* að hljóðgildi en það gerir nú, og því eðlilegt að tvö svo lík hljóð stæðu ekki saman. En nú er *v* orðið hreint önghljóð, og þar sem hljóðgildi *u* hefur einnig breyst, eru líkindin ekki svo mikil. Aftur á móti kemur það ekki inn á undan *u* í nf.et.kk., en það er vegna þess að það *u* er annars eðlis en í þgf.ft., þ.e. innskotshljóð.

Karlkynsorð sem beygðust svona voru alltaf fá, og nú eru nær engin eftir nema *söngur*; önnur hafa annaðhvort misst *v* úr allri beygingunni (*Sigtryggur*, *hör*) eða eru ekkert notuð (*fjörvar*, *hjör*). Kvenkynsorðin voru síst fleiri, og í nútímamáli er það varla nema *stöð* sem beygist eins og *ör*; önnur eru fallin úr notkun (*böð*) eða hafa misst *v* algerlega (*dögg*).

Þá má nefna beygingu orða eins og *læknir*. Í upphafi endar stofn þeirra á *-i*, og þau fá síðan venjulegar endingar, en *-i*- fellur brott í bakstöðu stofns þegar endingin byrjar á sérhljóði; *læknar*, *lækna*, *læknum*. Snemma kemur þó fram tilhneiging til að líta á endinguna *-r* í nf.et. sem stofnlæga, og láta hana halda sér í öllum föllum; beygja orðin sem sé eins og *akur* og *hamar*. Sú beyging er útbreidd enn í dag, en hefur þó aldrei verið viðurkennd.

4. Lýsingarorðabeyging

Lýsingarorð hafa ekki breytt um beygingu að neinu marki. Þó er þess að geta að til forna hafði bæði veik beyging frumstigs og efsta stigs, svo og miðstig, hina almennu endingu *-(u)m* í þgf.ft., eins og nær öll önnur fallorð. Sagt var: frá hinum *ríkum / ríkurum / ríkustum mönnum* í stað frá hinum *ríku / ríkari / ríkustu mönnum*, eins og nú er. Þessi breyting hefur það í för með sér að öll föll ft. verða eins í þessum formdeildum, og er aðdráttarafl hinna fallanna auðvitað ástæða þessarar breytingar. Þar að auki hefur orðið breyting á karlkynsbeygingu miðstigs; áður enduðu aukaföllin þar á *-a*, en nú enda þau yfirleitt á *-i* eins og nefnifallið.

Í lýsingarorðum hefur líka orðið breyting á *v*-brottfalli, eins og í nafnorðum. Orð eins og *fölur, dökkur, röskur, snöggur, styggur, tryggur, ör* o.fl. höfðu *v* í stofni eftir sömu reglum og nafnorðin (þ.e. á undan *a* og *i*, en ekki í bakstöðu eða á undan samhljóði og *u*). Öll þessi orð hafa nú misst þetta *v*.

5. Sagnbeyging

Í sagnbeygingunni hafa ýmsar breytingar orðið, en helstar eru breytingar á endingum í viðtengingarhætti. Lítum á beygingu so. *kalla* í vh. nt. og þt. að fornu og nýju:

<i>Fornmál</i>	<i>Nútimamál</i>	<i>Fornmál</i>	<i>Nútimamál</i>
kalla	kalli	kallaða	kallaði
kallir	kallir	kallaðir	kallaðir
kalli	kalli	kallaði	kallaði
kallim	köllum	kallaðim	kölluðum
kallið	kallið	kallaðið	kölluðuð
kalli	kalli	kallaði	kölluðu

Það sem hefur gerst er að *i* hefur komið í stað *a* í 1.pers.et., en *u* í stað *i* á nokkrum stöðum í ft. Reyndar hefur *a* líka breyst ýmist í *u* eða *ö* í fleirtölunni, en óþarft er að gera sérstaka grein fyrir þeirri breytingu, því að hún er sjálfkrafa afleiðing þess að *u* kemur fram í endingunni (*u*-hljóðvarp).

Allar þessar breytingar nema breytingin *kalla* > *kalli* í 1.pers.et.nt. valda því að form vh. verður hið sama og fh. Breytingin í 1.pers.et.nt. hefur hins vegar þveröfug áhrif, því að til forna voru fh. og vh. þar eins, en nú mismunandi. Þetta passar hins vegar vel við það sem áður var haldið fram, að aðgreining væri yfirleitt meiri í ómörkuðum formdeildum en mörkuðum.

Ending 2.pers.et.nt. hefur breyst í þeim sterkum sögnum þar sem stofninn endar á *-r*. Áður höfðu þessar sagnir hina reglulegu endingu þessarar myndar, þ.e. *-r* (*kallar, dæmir, brýt(u)r*), og voru því t.d. *ferr*, af *fara*. Nú fá þær þess í stað *-ð*; *ferð*. Ef stofninn endar á þöndu sérhljóði fá sagnir *-rð* (*slærð*). Sama gildir líka um

veikar sagnir sem beygjast eins og *telja* (*berð*, af *berja*, *knýrð*, af *knýja*). Í sterkum sögnum með stofn sem endar á -s- verður endingin -t í 2.pers.et. nt. (*lest*).